



STARFSSKÝRSLA 2012 TIL 2013



**LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA**



**STARFSSKÝRSLA  
2012–2013**



Umsjón: Pórey S. Þórðardóttir

Prentvinnsla: Oddi, umhverfsvottuð prentsmiðja 

Kápumynd: Fegurð himinsins

Ljósmyndir: Jóhannes Long

## EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns .....	4
Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða .....	7
Stjórn og starfsmenn .....	8
Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða 2012.....	10
Yfirlit yfir starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóða frá aðalfundi 2012.....	12
Starfsnefndir Landssamtaka lífeyrissjóða .....	13
Fundir, ráðstefnur og námskeið .....	22
Úttektarskýrsla á starfi lífeyrissjóðanna .....	24
Gjaldmiðlavarnarsamningar .....	25
Samskipti við stjórnvöld .....	25
Erlent samstarf.....	26
Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða.....	28
Ársreikningur 2012.....	29
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra.....	31
Áritun óháðs endurskoðanda .....	32
Rekstrarreikningur ársins 2012 .....	33
Efnahagsreikningur .....	34
Sjóðstreymisyfirlit árið 2012.....	36
Skýringar .....	37

## ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Íslenska lífeyriskerfið er einstakt. Kostir þess eru að hver kynslóð safnar í sjóð til að greiða lífeyri og skatta. Svona lífeyriskerfi vilja allar þjóðir hafa en það er ekki auðvelt af því það tekur langan tíma að byggja það upp. Styrkleiki íslenska lífeyriskerfisins felst í lífeyrissjóðunum sem hafa það hlutverk að greiða eftirlaun til æviloka þegar starfsævi lýkur, greiða örorkulífeyri ef einstaklingar verða óvinnufærir vegna örorku og styðja maka og börn við fráfall sjóðfélaga. Vægi lífeyrissjóða í eftirlaunagreiðslum hefur farið vaxandi á liðnum árum og greiða sjóðirnir nú um tvo þriðju hluta af ellilífeyri landsmanna. Hagstofan spáir því að á næstu áratugum muni aldurssamsetning þjóðarinnar breytast og hlutfall eftirlaunaþega hækka. Þá mun skipta sköpum að eiga öfluga lífeyrissjóði.


Veikleiki íslenska lífeyrisskerfisins er almannatryggingakerfið sem greiðir tekjutengdar lífeyrisgreiðslur sem falla niður þegar aðrar tekjur fara yfir ákveðin mörk. Í kerfi sem ætlað er að tryggja lágmarkslífeyri er eðlilegt að tekið sé tillit til annara tekna, en í almannatryggingakerfinu eru hins vegar tekjutengingar sem eru óásættanlegar gagnvart lífeyrissparnaði. Vegna þeirra sjá einstaklingar stundum lítinn ávinning af því að hafa lagt fyrir og greitt í lífeyrissjóð. Slíkt fyrirkomulag vegur óhjákvæmilega að stoðum lífeyrissjóðakerfisins.

Í vor var lagt fram á Alþingi frumvarp um endurskoðun á almannatryggingakerfinu. Frumvarpið var samið af starfshópi sem í átta sæti stjórnámálemenn og fulltrúar aðila vinnu- markaðarins, samtaka eldri borgara o.fl. Með frumvarpinu er stefnt að því að einfalda almannatryggingakerfið en núverandi kerfi er afar flókið og illskiljanlegt. Landssamtök lífeyrissjóða fagna frumvarpinu og telja mjög mikilvægt að almannatryggingakerfið verði einfaldað og dregið úr tekjutengingum. Frumvarpið tekur þó aðeins til ellilífeyris en samtökin telja mikilvægt að aðrir bótaflokkar verði jafnframt endurskoðaðir og einfaldaðir, s.s. örorkulífeyrir, en þar er kerfið afar flókið og ógagnsætt með víxlverkunum.

### Áframhaldandi uppbygging

Helstu verkefni stjórnar LL á liðnum vetri hafa beinst að áframhaldandi uppbyggingu í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Eigna- og áhættustýringarnefnd var falið að efna til umræðu og móta tillögur um endurskoðun á fjárfestingarheimildum sjóðanna. Réttindanefnd var falið að hafa frumkvæði að faglegri umræðu um atriði sem lúta að réttindum sjóðfélaga. Fræðslunefnd og samskiptanefnd fengu það verkefni að efla fræðslu og kynningu á lífeyrissjóðunum.

Í vetur skipaði fjármálaráðherra nefnd sem er ætlað það hlutverk að yfirfara og endurskoða fjárfestingarheimildir sjóðanna. Landssamtökin fagna því að þetta starf er hafið en það hefur verið eitt af stefnumálum samtakanna í langan tíma að fram fari heildar- endurskoðun á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða. Þó má segja að núverandi heimildir hafi reynst vel og sem rök fyrir því skal bent á að lífeyrissjóðirnir eru einu fjármálastofn-




anir samfélagsins sem stóðust efnahagshrunið 2008. Engu að síður er orðið tímabært að fara í heildarendurskoðun á fjárfestingarheimildum sjóðanna þar sem lagaákvæðin sem um þær gilda eru óskýr og flókin vegna margra breytinga sem gerðar hafa verið á þeim 15 árum sem nú eru liðin frá gildistöku lífeyrissjóðalaganna. Landssamtök lífeyrissjóða leggja áherslu á að vinna þessi verði fagleg og að tekið verði tillit til reynslu okkar og annarra þjóða. Í því sambandi hefur eigna- og áhættustýringarnefnd benti sérstaklega á leiðbeinandi tilmæli OECD um eignastýringu lífeyrissjóða.

Að því er varðar hina hliðina á efnahagsreikningi lífeyrissjóða hafa verið töluverðar umræður um forsendur í tryggingafræðilegum uppgjörum, annars vegar um lífslíkur og hins vegar um svokallað ávöxtunarviðmið. Tryggingafræðingar nota nýjustu lífslíkur hverju sinni til að meta skuldbindingar sjóðanna en undanfarna áratugi hefur meðalævi Íslendinga lengst um u.þ.b. eitt ár á fimm ára fresti. Lífeyrissjóðir geta brugðist við lengri meðalævi með þrennum hætti, með því að greiða lægri lífeyri í lengri tíma, með því að hækka iðgjöld eða með því að hækka lífeyrisaldur. Einnig kemur til greina að gera sitt lítið af hverju. Réttindanefnd lagði í vetur fram umræðuskjal með hugmyndum um viðbrögð við lengingu meðalævi. Eftir kynningu á hugmyndum nefndarinnar var ákveðið að bíða með frekari umræðu á meðan nefnd stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um endurskoðun á lífeyriskerfinu og samræmingu lífeyrisréttinda er að störfum.

Því verður ekki neitað að umræða um lífeyrissjóðina og hlutverk þeirra hefur oft á tíðum verið mjög neikvæð í kjölfar efnahagshrunsins. Lífeyrissjóðir hafa eins og margar stofnanir misst traust og tiltrú og það er okkar verkefni að vinna það upp að nýju. Kynningarmál hafa því verið í öndvegi og mikið starf unnið sem byggir á að upplýsa sjóðfélaga um réttindi í lífeyrissjóðum. Vegna þessa verður ný og spennandi útgáfa af fræðsluvef opnuð á aðalfundi Landssamtaka lífeyrissjóða í maí. Einnig hefur verið unnið að þróun svokallaðrar réttindabókar sem er samskiptavefur sem sjóðfélagar geta nýtt til að fá upplýsingar um áunnin lífeyrisréttindi í öllum lífeyrissjóðum sem þeir hafa greitt í. Áformað er að réttindabókin verði tilbúin í haust og er ætlunin að lífeyrissjóðirnir verði með sérstakt kynningarátak um réttindi sjóðfélaga á sama tíma.

## Áhrif gjaldeyrishafta

Fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða einkennist af gjaldeyrishöftum og fáum fjárfestingarkostum. Við slíkar aðstæður er hætt við að verðbréf hækki óeðlilega mikið í verði þegar fjárfestar reyna að ávaxta eignir sínar. Afleiðingin getur orðið verðbólga, þ.e. ofmat á eignum, sem getur síðan snúist í andhverfu sína, eins og iðulega gerist þegar verðbólur springa. Flestar fjármálakreppur byrja með verðbólum sem springa með ófyrirséðum afleiðingum. Vegna gjaldeyrishaftanna eru flest eignasöfn íslenskra fjárfesta með verulega áhættu af íslenska hagkerfinu sem er lítið og einhæft. Í efnahagshruninu 2008 og





## Sjóðfélagar eiga lífeyrissjóðina

2009 kom vel í ljós gildi þess að dreifa áhættu með því að dreifa fjárfestingum á mörg lönd, atvinnugreinar og eignaflokka. Afnáam gjaldeyrishafta er eitt mesta hagsmunamál sjóðfélaga í lífeyrissjóðum landsins.

Vægi og ábyrgð lífeyrissjóða í íslensku hagkerfi hefur aukist á síðustu árum. Ráðstöfunarfé sjóðanna og eignir hafa vaxið hlutfallslega meira en landsframleiðsla og markaðsvirði verðbréfa. Þannig voru t.d. eignir lífeyrissjóðanna komnar yfir 130% af landsframleiðslu í ársbyrjun 2013 en fyrir áratug var hlutfallið um 85%. Færa má rök fyrir að vaxandi vægi lífeyrissjóða í hagkerfinu leggi auknar skyldur á herðar sjóðunum og stjórnendum þeirra (stjórnarmönnum og lykilstarfsmönnum). Gera verður ríkar kröfur til stjórnenda sjóðanna um vönduð og öguð vinnubrögð við fjárfestingar og eftirlit með þeim. Sjóðirnir þurfa einnig að gera kröfur til útgefenda bréfa um góða stjórnarhætti, upplýsingagjöf og samfélagslega ábyrgð.


Landssamtökin munu beita sér fyrir umræðum um þessi mál. Æskilegt er að umræða fari einnig fram á vettvangi einstakra sjóða.

Mikilvægasta verkefni Landssamtakanna er og verður að standa vörð um lífeyrissjóðina og sjóðsöfnunarkerfið. Á undanförunum árum hafa komið fram ýmsar hugmyndir um breytingar á lífeyriskerfinu til að mæta tímabundnum erfiðleikum í efnahagslífinu. Margir hafa fallið í þá freistni að líta til eigna lífeyrissjóðanna og stungið upp á skattlagningu eða bent á að eignir sjóðanna mætti nýta til ýmissa þjófþrifaverka. Einnig hafa heyrt raddir um tímabundna lækkun lífeyrisiðgjalda til að örva hagvöxt eða að skattleggja iðgjöldin í stað lífeyrisgreiðslna. Lengst hafa þó gengið nokkrir stjórnálamenn sem leggja til að eignir sjóðanna verði fluttar yfir í almannatryggingar og lífeyriskerfinu breytt í gegnumstreymiskerfi.

Þessar hugmyndir eru allar vanhugsaðar. Sjóðfélagar eiga lífeyrissjóðina og hafa byggt upp eignir sjóðanna með iðgjaldagreiðslum á starfsævinni. Eignirnar eru frátekna til að greiða lífeyri til sjóðfélaga. Breytingar á iðgjaldagreiðslum eða skattlagningu leysa engan vanda heldur velta honum áfram og yfir á næstu kynslóð. Hugmyndir um þjóðnýtingu og gegnumstreymiskerfi myndu leiða til mikilla vandamála því fyrirsjáanlegt er að í náinni framtíð muni aldursamsetning þjóðarinnar breytast og hlutfall eftirlaunaþega vaxa.

Saga lífeyrissjóðanna er byggð á framsýni stofnenda sjóðanna sem sáu fyrir að vænlegasta leiðin til að tryggja góða afkomu í starfslok væri að byggja upp sjóði til að greiða eftirlaun. Okkar verkefni er að viðhalda framsýni frumherjanna og gæta þess að skammtíma-sjónarmið verði ekki til þess að skemma það sem er búið að byggja upp á löngum tíma.

Gunnar Baldvinsson formaður LL







## HLUTVERK LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Hlutverk samtakanna er að

- gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga þeirra lífeyrissjóða sem aðild eiga að samtökunum;
- vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum- sem varða heildarhagsmuni þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna;
- hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra;
- vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða, svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga;
- stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna;
- fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi lífeyrissjóðasamtaka;
- vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þeirra og tilgangi.



## STJÓRN OG STARFSMENN

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð átta aðalmönnum og fjórum varamönnum. Kjörtímabil er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna, en alla varamennina annað hvert ár. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Frá aðalfundi LL þann 23. maí 2012 hefur stjórn verið skipuð sem hér segir:

*Kosin til tveggja ára:*

Arnar Sigurmundsson  
Friðbert Traustason  
Guðrún Guðmannsdóttir  
Þorbjörn Guðmundsson

*Fyrir voru í stjórn kosnir til tveggja ára á ársfundi 2011:*

Gunnar Baldvinsson, formaður  
Haukur Hafsteinsson, varaformaður  
Helgi Magnússon  
Sigurður Bessason

*Varamenn í stjórn, kosnir á ársfundi 2012 til tveggja ára:*

Auður Finnbogadóttir  
Jón G. Kristjánsson  
Ólafur Sigurðsson  
Sigurbjörn Sigurbjörnsson



*Efri röð frá vinstri: Ólafur Sigurðsson, Þorbjörn Guðmundsson, Arnar Sigurmundsson, Haukur Hafsteinsson varaformaður og Helgi Magnússon.*

*Fremri röð frá vinstri: Friðbert Traustason, Guðrún Guðmannsdóttir, Gunnar Baldvinsson formaður og Þórey S. Þórðardóttir framkvæmdastjóri.*

Á kjörtímabili stjórnarinnar voru haldnir alls 17 fundir. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi LL samkvæmt ákvæðum samþykktá samtakanna.

Vegna aukinna umsvifa samtakanna var ráðinn nýr starfsmaður, Sigurður Albert Ármannsson, sem tók til starfa þann 1. nóvember 2012.

*Starfsmenn LL eru:*

Pórey S. Þórðardóttir hrl., framkvæmdastjóri  
Sigurður Albert Ármannsson M.Sc., sérfræðingur

LL hafa til fjölda ára verið í farsælu samstarfi við Greiðslustofu lífeyrissjóða sem annast ýmis almenn skrifstofustörf fyrir samtökin.

*Starfsmenn Greiðslustofu lífeyrissjóða eru:*

Matthildur Hermannsdóttir, framkvæmdastjóri  
Jóhanna Ólafsdóttir  
Sara Jóna Stefánsdóttir



Starfsmenn Landssamtaka lífeyrissjóða og Greiðslustofu lífeyrissjóða. Talið frá vinstri: Sara Jóna Stefánsdóttir, Matthildur Hermannsdóttir framkvæmdastjóri GL, Pórey S. Þórðardóttir framkvæmdastjóri LL, Sigurður Albert Ármannsson, Jóhanna Ólafsdóttir.

## AÐALFUNDUR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA 2012

Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða var haldinn á Grand hótél Reykjavík 23. maí 2012. Arnar Sigurmundsson, formaður LL, setti fundinn og bauð fundarmenn og gesti velkomna. Harpa Ólafsdóttir, hagfræðingur hjá Eflingu, var kjörin fundarstjóri og Valgarður Sverrisson, skrifstofustjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, var kjörinn fundarritari.

Róbert H. Haraldsson, dósent í heimsspeki hélt erindi undir fyrirsögninni „Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja – hræsni eða heilindi“. Róbert sagði m.a. að samfélagslega ábyrg fyrirtæki (SÁF) vinna að eigin frumkvæði að eflingu samfélagsins, samþætta samfélags- og umhverfismál starfsemi sinni og hafa þau sjónarmið að leiðarljósi í samskiptum við hagsmunaaðila.

Hann vitnaði meðal annars til þeirrar skilgreiningar að 1990 til 2000 hafi verið áratugur ímyndarinnar, þ.e. fyrirtæki skreyttu sig með SÁF. Áratugurinn 2000 til 2010 hafi verið áratugur forskotsins þar sem þau fyrirtæki sem raunverulega voru samfélagslega ábyrg höfðu forskot á önnur fyrirtæki. Á þessum áratug er skaðinn hins vegar hafinn sem merkir að þau fyrirtæki sem eru ekki samfélagslega ábyrg hljóti m.a. neikvæða og skaðlega umfjöllun í fjölmiðlum.

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, kynnti Réttindabókina sem verður nýr vefur þar sem sjóðfélagar geta nálgast upplýsingar á einum stað um elli lífeyrissréttindi sín í íslenskum lífeyrissjóðum. Ætlunin með þessu er að auka á hagræði sjóðfélaga þannig að þeir geti nálgast upplýsingar á einum stað um réttindi sín, auk þess sem ætla má að fyrirspurnum um réttindi til lífeyrissjóða fækki. Fyrirspurnir um lífeyrissréttindi verða með þessu nýja fyrirkomulagi veittar í gegnum vefþjónustu sem sækir gögn til viðkomandi lífeyrissjóðs.

### Skýrsla stjórnar

Arnar Sigurmundsson, formaður LL, flutti skýrslu stjórnar en þar kom meðal annars fram:

- Árið 2011 er fyrsta árið þar sem afleiðingar banka- og efnahagshrunsins haustið 2008 setja ekki teljandi mark á afkomu lífeyrissjóðanna. Eignarýrningun af völdum banka- og efnahagshrunsins og afleiðinga þess var að mestu komin fram í ársreikningum sjóðanna á árunum 2008–2010. Eftir hrúnið stendur eftir gjörbreytt efnahagsumhverfi með viðvarandi 6 - 7% atvinnuleysi og áframhaldandi gjald-eyrishöft sem takmarka möguleika sjóðanna til fjárfestinga. Landssamtök lífeyrissjóða áætla að vegið meðaltal nafnávöxtunar lífeyrissjóðanna hafi verið um 7,6% á árinu 2011 en verðbólga á árinu var 5,2%. Að meðaltali var því 2,4% hrein samanvegin raunávöxtun lífeyrissjóðanna árið 2011. Raunávöxtun sjóðanna á sl. ári var eðlilega nokkuð misjöfn eftir samsetningu og ávöxtun eignaflokka. Árið 2008 var neikvæð raunávöxtun lífeyrissjóða um 22% og vógu áhrif bankahrunsins þar langmest. Árið 2009 var hún jákvæð um 0,3%, árið 2010 jákvæð um tæplega 2,7% og árið 2011 varð hrein raunávöxtun lífeyrissjóðanna sem sagt jákvæð um 2,4%.
- Heildareignir lífeyrissjóðanna eru áætlaðar 2.096 milljarðar króna í árslok 2011 en voru 1.914 milljarðar kr. í árslok 2010 og höfðu því aukist um 182 milljarða kr. eða um 9,5%. Fimm ára meðaltal raunávöxtunar sjóðanna 2007–2011 er neikvætt um 3,7% en 10 ára meðaltal árána 2002–2011 er aftur á móti jákvætt um rúm 2,0%. Frá september 2008 hefur vísitala fyrir lífeyrisgreiðslur sjóðanna hækkað um 33% en launavísitala um tæp 23% á sama tímabili.
- Í árslok 2011 námu innlendar eignir lífeyrissjóðanna rúmlega 77% á móti 74% í árslok 2010. Erlendar eignir sjóðanna námu um 22% á móti 26% í árslok 2010. Í árslok 2009 voru þessi hlutföll 68% í innlendum eignum og 32% í erlendum eignum.

- Alþingi samþykkti á sumarpingi 2011 að leggja tímabundinn eignarskatt á lífeyrisjóðina til að fjármagna sérstakar vaxtabætur 2011–2012. Búið er að innheimta 1.400 milljónir kr. hjá sjóðunum sem fyrirframgreiðslu vegna 2011 og svipaða fjárhæð átti að innheimta vegna 2012. Að óbreyttu verður lagt fram stjórnarfrumvarp á haustþingi 2012 um að hætt verði við eignarskattinn 2012 og að ríkið endurgreiði þær 1400 milljónir króna sem sjóðirnir greiddu vegna ársins 2011.
- Viðræður við skilanefndir og síðar slitastjórnir Kaupþings, Glitnis og Landsbankans, um stöðu og uppgjör gjaldmiðlavarnasamninga lífeyrissjóðanna hafa staðið yfir með hléum allt frá bankahruni. Í júlí 2011 var samið við skilanefnd Landsbankans um uppgjör og skuldajöfnun á afleiðusamningum. Í lok apríl 2012 tókst hliðstætt samkomulag 12 lífeyrissjóða og slitastjórnar Glitnis.
- Stjórn og varastjórn LL samþykktu á fundi sínum 24. júní 2010 að skipa þriggja manna nefnd óháðra, óvillhallra og hæfra einstaklinga til að gera úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008. Stjórn LL fól ríkissáttasemjara að tilnefna fulltrúa í úttektarnefndina og tók hún til starfa haustið 2010. Nefndin skilaði skýrslu í fjórum bindum 3. febrúar 2012. Meginniðurstaða nefndarinnar er að eignarýrnun sjóðanna frá 1. janúar 2008 til ársloka 2010 hafi alls numið sem svarar 28% af heildareignum sjóðanna. Landssamtök lífeyrissjóða gerðu þá athugasemd að réttara hefði verið að miða eignarýrnun sjóðanna, af völdum banka- og efnahagshrunsins, við lok september 2008 en við það lækkar eignarýrnun sjóðanna í 22%.

#### Tillögur að breytingum á samþykktum LL

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, kynnti tillögur að breytingum á samþykktum samtakanna sem gengu út á að gera samþykktirnar ítarlegri og laga betur að starfsemi.

Helsta breytingin er sú að fjórir varamenn verða í stjórn í stað átta og að þeir verði kosnir til tveggja ára í stað eins árs. Einnig að stjórnarmaður skuli almennt ekki gegna formennsku eða varaformennsku lengur en þrjú ár samfelld.

Samþykkt var að fjórar fastanefndir skuli skipaðar af stjórn með erindisbréfi til eins árs í senn. Einnig skal framkvæmdastjóri í samráði við formann stjórnar mynda vinnuhópa, eftir því sem þurfa þykir, til að annast tímabundin verkefni er varða hagsmuni aðildarsjóðanna og þarfnast sérstakrar úrvinnslu. Jafnframt var samþykkt að skrifstofu samtakanna sé heimilt að krefja aðildarsjóði um greiðslu kostnaðar vegna sérverkefna sem unnin eru og varða hagsmuni viðkomandi sjóða. Stjórn samtakanna ákveður skiptingu slíks kostnaðar milli sjóðanna.

#### Stjórnarkjör

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, gerði grein fyrir ársreikningi samtakanna fyrir árið 2011 sem var síðan borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Lögð var fram tillaga um kjör til stjórnar og varastjórnar LL. Eftirtalin hlutu kosningu sem aðalmenn í stjórn LL til tveggja ára: Arnar Sigurmundsson, Friðbert Traustason, Guðrún Guðmannsdóttir og Þorbjörn Guðmundsson. Varamenn til tveggja ára voru kjörin: Auður Finnbogadóttir, Jón G. Kristjánsson, Ólafur Sigurðsson og Sigurbjörn Sigurbjörnsson. Fyrir voru í stjórn kosnir til tveggja ára á aðalfundi 2011: Gunnar Baldvinsson, Haukur Hafsteinsson, Helgi Magnússon og Sigurður Bessason.

Tekin var ákvörðun um þóknun til aðalmanna og varamanna í stjórn og um árgjald til samtakanna.

Samþykkt var tillaga um sérstakt gjald á lífeyrissjóði vegna starfsemi úttektarnefndar LL sem lauk störfum á árinu 2012.



## YFIRLIT YFIR STARFSEMI LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA FRÁ AÐALFUNDI 2012

Síðasti aðalfundur var haldinn 23. maí 2012. Gunnar Baldvinsson tók við formennsku af Arnari Sigurmundssyni sem verið hafði formaður í sex ár. Undir lok ársins 2012 var ráðinn nýr starfsmaður og eru nú tvö stöðugildi hjá samtökunum.

Framkvæmdastjóri LL er sem talsmaður lífeyrissjóðanna kallaður til samráðs um margs konar málefni sem eru til umfjöllunar á hverjum tíma. Skrifstofu LL berast ýmis mál til umsagnar, einkum frá þingnefndum, ráðuneytum og Fjármálaeftirlitinu. Fjöldi fyrirspurna berst til LL frá starfsfólki lífeyrissjóða og almennum sjóðfélögum sem margar hverjar fá úrlausn í sérlega góðu samstarfi við starfsmenn Greiðslustofu lífeyrissjóðanna.

Mikil áhersla hefur verið lögð á það meðal lífeyrissjóða að bæta verklag og auka fagmennsku í starfsemi sinni. Í því sambandi hafa LL komið að því að setja upp ýmsar leiðbeinandi reglur sem nýst geta sjóðunum til að uppfylla kröfur sem gerðar eru til þeirra. Einnig hafa verið haldnir fræðslufundir og málþing til að skiptast á skoðunum og viðhalda þekkingu meðal starfsmanna sjóðanna.

Hér á eftir verður fjallað nánar um nokkra af helstu starfspáttum LL frá síðasta aðalfundi:

- starfsnefndir og viðfangsefni þeirra;
- aðra vinnuhópa og nefndir sem skipaðir hafa verið til að leysa einstök viðfangsefni;
- fundi, ráðstefnur og aðra atburði sem LL hefur staðið fyrir eða komið að frá síðasta ársfundi;
- úrvinnslu ábendinga sem fram komu í skýrslu úttektarnefndar LL;
- stöðu og uppgjör gjaldmiðlavarðarsamninga lífeyrissjóðanna;
- samskipti við stjórnvöld á tímabilinu;
- erlend samskipti.



Frá fundi á vegum LL. Frá vinstri: Ólafur K. Ólafsson, Stefán Halldórsson, Þórey S. Þórðardóttir, Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, Sigríður Ómarsdóttir og Sigurbjörn Sigurbjörnsson.

## STARFSNEFNDIR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Á vegum LL starfa fjórar fastanefndir sem skipaðar eru af stjórn. Skipunartími nefndarmanna er til eins árs í senn. Viðfangsefni nefndanna spanna helstu svið sem hlutverk LL nær yfir. Til starfa í nefndum og vinnuhópum á vegum LL veljast stjórnarmenn og starfsmenn lífeyrissjóða. Með því leggja aðildarsjóðir LL saman krafta sína og þekkingu til að vinna að sameiginlegum verkefnum. Verkefni starfsnefnda eru margvísleg og árangur af starfi þeirra nýtist sem eins konar sameign allra lífeyrissjóða. Á starfsárinu hefur á sjöunda tug manna komið með beinum hætti að starfi og verkefnum sem unnin eru í gegnum samtökin. Að auki hefur allnokkur fjöldi einstaklinga haldið erindi og kynningar á vegum LL.

### Eigna- og áhættustýringarnefnd

*Helstu verkefni*

- Semja og viðhalda leiðarvísi að góðum venjum um eigna- og áhættustýringu fyrir lífeyrissjóði.
- Yfirfara lög og reglur um eignastýringu lífeyrissjóða og starfsumhverfi. Koma faglegum sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri er viðkoma breytingum á lögum og reglum um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.
- Skipuleggja námskeið og fræðslu fyrir lífeyrissjóði um eigna- og áhættustýringu.

Eigna- og áhættustýringarnefnd er þannig skipuð:

Ólafur Sigurðsson, formaður, Stöfum lífeyrissjóði  
 Auður Finnbogadóttir, Lífeyrissjóði verkfræðinga  
 Baldur Vilhjálmsson, LSR/LH  
 Davíð Rúdólfsson, Gildi lífeyrissjóði  
 Helga Indriðadóttir, Almenna lífeyrissjóðnum  
 Kári Arnór Kárasón, Stapa lífeyrissjóði  
 Marínó Örn Tryggvason, Arionbanka  
 Sara Jóna Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða  
 Tómas N. Möller, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Nefndin hefur haldið 5 fundi á starfsárinu. Helsta verkefnið hefur verið að yfirfara fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða. Formaður nefndarinnar, Ólafur Sigurðsson, var skipaður af fjármála- og efnahagsráðuneytinu í nefnd sem falið var það verkefni að endurskoða ákvæði laga er viðkoma fjárfestingarheimildum sjóðanna. Fulltrúar í eigna- og áhættustýringarnefnd hafa verið bakhjarlar formanns í þessu nefndarstarfi. Í skipunarbréfi ráðherra kom fram að nefndinni væri sérstaklega falið að líta til athugasemda sem fram koma í skýrslu úttektarnefndar LL en þar er að finna ábendingar um sitthvað sem betur mætti fara. Nefndinni var jafnframt falið að greina fjárfestingakosti lífeyrissjóðanna til skemmri og lengri tíma, m.a. með vísan til áætlana um afnám gjaldeyrishafta og skýrslu Seðlabanka Íslands um varúðarreglur eftir fjármagnshöft, og einnig hvort rétt væri að grípa til sérstakra breytinga vegna þess hvernig fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóðanna er nú háttað til skemmri tíma. Nefndinni var falið að hafa til hliðsjónar löggjöf á Norður- löndum og eftir atvikum annars staðar í ríkjum Evrópu.

Nefndinni var falið að taka afstöðu til þess fyrir 15. febrúar hvort ástæða væri til að leggja fram á vörþingi tillögur til breytinga á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða.

Auk Ólafs Sigurðssonar eru í nefndinni Gylfi Magnússon, formaður, Lilja Sturludóttir, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Valgerður Rún Benediksdóttir, tilnefnd af atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, Lúðvík Elíasson, tilnefndur af Seðlabanka Íslands og Sara Sigurðardóttir, tilnefnd af Fjármálaeftirlitinu.



Nefndin fundaði nokkrum sinnum og var lagt fram frumvarp á vörpinginu með nokkrum breytingartillögum. LL skiluðu inn umsögn þar sem bent var á hina miklu þörf fyrir tíma-bundnar rýmkanir á heimildum sjóðanna til fjárfestinga. Til samræmis við þá vinnu sem fram hafði farið í fyrrgreindri nefnd lýstu LL yfir fullum stuðningi við frumvarpið. Frumvarpið fékk því miður ekki afgreiðslu á vörpinginu.

Eigna- og áhættustýringarnefnd hefur að auki komið að undirbúningi umsagna um ýmis lagafrumvörp, leiðbeinandi tilmæli af hálfu Fjármálaeftirlitsins og þingsályktunartillögur.

### Réttindanefnd

*Helstu verkefni*

- Yfirfara og hafa frumkvæði að breytingum á lögum og reglum um tryggingafræðileg uppgjör og réttindabreytingar.
- Beita sér fyrir stefnumörkun um framtíðarskipan örorkulífeyrisgreiðslna og verkskiptingu lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar.
- Skipuleggja námskeið og fræðslu fyrir starfsmenn lífeyrissjóða um efni innan starfssviðs nefndarinnar.

Réttindanefnd er þannig skipuð:

Þorbjörn Guðmundsson, formaður, Sameinaða lífeyrissjóðnum  
Friðbert Traustason, Lífeyrissjóði bankamanna  
Gylfi Jónasson, Festu lífeyrissjóði  
Ólafur K. Ólafs, Lífeyrissjóði bænda  
Sigríður Ómarsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum  
Sigurbjörn Sigurbjörnsson, Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda  
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR/LH

Auk starfsmanna LL hefur Stefán Halldórsson unnið mikið með nefndinni en jafnframt hefur verið leitað til Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings.

Réttindanefnd hefur haldið alls átta fundi á starfstímanum. Nefndin hefur fengist við mörg og fyrirferðarmikil viðfangsefni og meðal þeirra má nefna eftirfarandi:

### Samstarf við VIRK starfsendurhæfingu

Réttindanefnd ákvað að setja á stofn sérstakan vinnuhóp til að tryggja sem best samstarf lífeyrissjóða og VIRK. Í vinnuhóp um samstarfið voru skipuð:

Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða

Ólafur Haukur Jónsson, Sameinaða lífeyrissjóðnum  
Sigfús Rúnar Eysteinnsson, Festu lífeyrissjóði  
Sigríður Ómarsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum  
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR/LH  
Örn Guðnason, Gildi lífeyrissjóði

Vinnuhópurinn hóf störf í ágúst 2012. Starf hópsins fólst einkum í að:

- Skoða samstarf lífeyrissjóða og VIRK með það að markmiði að ná sem bestum árangri í starfsendurhæfingu og að sama skapi að draga úr örorkubyrði.
- Skoða samspil lífeyrissjóða og ákvæði laga er viðkoma skilyrðum örorkugreiðslna við starfsendurhæfingu.
- Greina með hvaða hætti lífeyrissjóðir geti nýtt sér þá nálgun að meta starfshæfni fremur en óvinnufærni.
- Skoða hvernig æskilegt sé að hafa formið á samskiptum lífeyrissjóða við VIRK.
- Meta samspil endurhæfingarlífeyris við aðrar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og úr sjúkrasjóðum stéttarféлага.



Starf hópsins hafði þá megin stefnu að mikilvægt sé að tryggja að allir umsækjendur örorkulífeyris, sem faglegt mat styður að gætu haft gagn af, njóti þjónustu VIRK í því augnamiði að hámarka starfsgetu og lífsgæði þessara einstaklinga. Það er því eitt af hlutverkum lífeyrissjóða að vinna að því að sjóðfélagar sem horfa fram á skerta starfsgetu fái faglega aðstoð við endurhæfingu. Starfi vinnuhópsins lauk með því að skipað var þróunarráð sem mun fylgja verkefnum eftir.

Þróunarráðið skipa:

Tveir fulltrúar VIRK starfsendurhæfingarsjóðs: Ása Dóra Konráðsdóttir og Ingibjörg Loftsdóttir, formaður.

Tveir fulltrúar Landssamtaka lífeyrissjóða: Matthildur Hermannsdóttir og Vala Rebekka Þorsteinsdóttir.

Einn fulltrúi trúnaðarlækna lífeyrissjóða: Guðmundur Björnsson.

Skilgreint hlutverk ráðsins er að halda utan um áframhaldandi þróun á samstarfi lífeyrissjóðanna og VIRK og vera vettvangur til að taka fyrir álitamál sem kunna að koma upp, með það að markmiði að bæta samstarfið enn frekar. Fulltrúar VIRK munu í þessu samstarfi reglulega kynna tölfræðilegar upplýsingar varðandi árangur af starfsendurhæfingu.

#### Valkostir við endurskoðun á lífeyriskerfinu

Í framhaldi af stefnumótunarfundi stjórnar LL vorið 2012 var réttindanefndinni falið að skoða hvaða leiðir væru færar við útfærslu á breytingum miðað við þær forsendur sem við blasa um hækkandi meðalaldur og fleira. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum í byrjun árs 2013 til stjórnar LL.

Nefndin beindi einkum sjónum sínum að mögulegum breytingum á þremur lykilforsendum réttindakerfis lífeyrissjóðanna: Ávöxtunarviðmiði, lífeyristökualdri og verðtryggingu réttinda.



Nefndarstörf. Frá vinstri: Guðrún Inga Ingólfssdóttir, Helga Indriðadóttir, Tómas N. Möller, Kristjana Sigurðardóttir og Sara Jóna Stefánsdóttir.

Við mat á mögulegum útfærslum tók nefndin mið af mælikvörðum OECD á gæði breytinga, þ.e. að þær verði að færa lífeyriskerfið nær eða að því marki að verða:

- Nægilegt (adequate)
- Viðráðanlegt (affordable)
- Sjálfbært (sustainable)
- Réttlátt (equitable)
- Fyrirsjáanlegt (predictable)
- Sterkt (robust)

Það er mat réttindanefndar að til þess að lífeyriskerfið verði sjálfbært þurfi það í ríkara mæli að byggjast á forsendum sem breytast í samræmi við ytri mælikvarða og þar af leiðandi þurfi að fækka forsendum sem eru fastar og óbreytanlegar.

Starfandi er ráðherraskipuð nefnd sem hefur haft það að markmið að endurskoða og samræma íslenska lífeyriskerfið. Var sú ákvörðun tekin að réttindanefnd skyldi bíða með frekari vinnu í þessum efnunum þar til niðurstöður þeirrar nefndar liggja fyrir.

#### Gagnagrunnur um lífeyrisgreiðslur

Landssamtök Lífeyrissjóða hafa ákveðið að stofna gagnagrunn með upplýsingum um áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga í íslenskum lífeyrissjóðum og viðbótarlífeyrissparnaði. Upplýsingarnar komi úr fimm gagnagrunnum sem reknir eru á vegum lífeyrissjóðanna og frá öðrum vörsluáðilum lífeyrissparnaðar.

Markmiðið er að geta reiknað út áunnin og áætluð lífeyrisréttindi hvers sjóðfélaga yfir alla starfsævi hans og fengið þannig heildarmynd af þróun lífeyriskerfisins, þ.e. lífeyrissjóðanna, séreignarsparnaðar og áætlaðra greiðslna Tryggingastofnunar ríkisins (TR). Jafnframt verði unnt að greina mögulega veikleika í kerfinu, s.s. hjá einstökum hópum út frá aldri, kyni, menntun eða starfsgrein.

Fyllsta öryggis verður gætt við vörslu gagnagrunnsins og trúnaðar gætt við meðferð persónugreinanlegra upplýsinga. Grunnurinn verður ekki notaður í viðskiptalegum tilgangi.

Fyrirætlanir LL hafa þegar verið ræddar við nokkra hagsmunaaðila, s.s. ráðuneyti, samtök á vinnumarkaði, tryggingastærðfræðinga, Hagstofuna og Fjármálaeftirlitið. Hafa undirtektir verið á einn veg. Allir þessir aðilar vilja eiga aðild að verkefninu og telja að slíkur gagnagrunnur gæti orðið mjög gagnlegt hjálpertæki við rannsóknir og greiningu á þróun lífeyriskerfisins og áhrifum breytinga á réttindakerfum, lífeyri TR, skattareglum og tryggingafræðilegum forsendum, s.s. lengingu meðalævi og breyttrar örorkutíðni. Þess utan má gera ráð fyrir að vísindasamfélagið geti haft ýmis not af slíkum gagnagrunni.

#### Alþjóðleg sam- burðarrannsókn

Í tengslum við undirbúning að stofnun gagnagrunnsins var að frumkvæði Fjármálaeftirlitsins sótt um þátttöku í fjölþjóðlegri rannsókn Efnahags- og þróunarstofnunarinnar (OECD) á væntum lífeyri (Retirement Savings Adequacy). Evrópusambandið veitir styrki til verkefnisins til ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og ákvað í apríl 2013 að mæla með Íslandi sem þátttökulandi með FME sem styrkþega og hafa yfirumsjón með rannsókninni. Vætanlegur styrkur nemur 80% af kostnaðaráætlun verkefnisins. Gert er ráð fyrir að undirrita samning um styrkinn innan tveggja vikna. Gagnagrunnurinn mun auðvelda rannsóknina og gera niðurstöðurnar mun nákvæmari en kostur er á hjá öðrum þjóðum sem nota úrtaksaðferðir.

Stefán Halldórsson hefur sem sérstakur starfsmaður í umboði réttindanefndar unnið undirbúningsvinnu að stofnun gagnagrunnsins og framkvæmd rannsóknarinnar. Björn Z. Ásgrímsson mun fyrir hönd FME hafa yfirumsjón með verkefninu. Stefnt er að því að gagnagrunnurinn verði tilbúinn haustið 2013 og rannsókninni ljúki snemma árs 2014.

**Verklag við skiptingu ellilífeyris**

Lokið var við að endurgera og skilgreina leiðbeinandi verklagsreglur vegna skiptingar ellilífeyris milli sjóðfélaga og maka. Þann 13. janúar 2013 var haldinn fjölsóttur kynningarfundur með starfsmönnum lífeyrissjóða og í framhaldi af honum voru öll gögn er málið varðar gerð aðgengileg á [www.ll.is](http://www.ll.is).

Í vinnuhópnum voru:

Sara Jóna Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða  
Sigríður Ómarsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum  
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR/LH  
Þórey S. Þórðardóttir, LL

**Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almennatrygginga og félagslegan stuðning**

Unnið hefur verið að endurskoðun á almennatryggingalöggjöfinni og var af hálfu ríkisstjórnar lagt fram frumvarp þess efnis á Alþingi á vordögum 2013. Þegar frumvarpið var komið fram var leitað til Ágústs Þórs Sigurðssonar, sérfræðings í velferðarráðuneytinu, til að halda kynningu á helstu atriðum frumvarpsins og var sá fundur haldinn með réttinda-nefnd og stjórn LL þann 19. mars. Í framhaldi af þeirri kynningu skiluðu LL inn umsögn um frumvarpið.

**Meðferð persónuupplýsinga**

Settur var á laggirnar vinnuhópur til að endurskoða leiðbeinandi reglur er varða meðferð á persónuupplýsingum hjá lífeyrissjóðum.

Vinnuhópurinn skipa:

Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða  
Ólafur Haukur Jónsson, Sameinaða lífeyrissjóðnum  
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR/LH  
Þórey S. Þórðardóttir, LL

Nefndin fékk á fund til sín fulltrúa frá Persónuvernd og sendi þeim fyrirspurn um öryggi gagnasendinga, einkum er varðar afgreiðslu á örorkulífeyri. Nefndin er enn að störfum og hefur í hyggju að vinna leiðbeinandi reglur um málefnið í samstarfi við Persónuvernd.

**Samskiptanefnd**

*Helstu verkefni*

- Annast samskipti við fjölmiðla og fjölmiðlavöktun.
- Annast samskipti við stjórnvöld og þingnefndir.

Samskiptanefnd er þannig skipuð:

Gunnar Baldvinsson, formaður, Almenna lífeyrissjóðnum  
Arnar Sigurmundsson, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja  
Árni Guðmundsson, Gildi lífeyrissjóði  
Haukur Hafsteinsson, LSR/LH  
Heiðrún Jónsdóttir, Gildi lífeyrissjóði  
Helgi Magnússon, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Þórhallur Jóseppson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Þórey S. Þórðardóttir, LL

Nefndin hefur haldið alls fimm fundi á árinu. Hlutverk samskiptanefndar er að halda yfirsýn yfir umfjöllun um lífeyrissjóði í samfélaginu hverju sinni og einnig að leita leiða til að upplýsa fjölmiðla um viðfangsefni og starfsemi lífeyrissjóða og hlutverk þeirra í samfélaginu. Til að vinna að markmiðum sínum hefur nefndin reglulega yfirfarið helstu þætti í fjölmiðlaumræðu, staðið fyrir greinaskrifum um lífeyrismál og haldið ýmsa fundi og kynningar. Af sérstökum verkefnum samskiptanefndar má nefna eftirfarandi:

**Mánaðarpóstar LL**

Að frumkvæði samskiptanefndar hóf LL útgáfu mánaðarpósta í ársbyrjun 2013. Mánaðarpóstar eru sendir á alla starfsmenn og stjórnarmenn og einnig til annara forsvarsmanna sem tengjast starfi lífeyrissjóða. Mánaðarpóstum LL er ætlað að vera rafrænn farvegur fyrir upplýsingar um allt sem er á döfinni hjá LL og einnig að minna á umfjöllun sem hefur verið í gangi um lífeyrissjóði almennt. Útgáfa og umsjón með mánaðarpóstum er í höndum starfsmanna LL.

**Hagtöluhópur**

Á vegum samskiptanefndar var skipaður sérstakur vinnuhópur til að vinna ítarleg gögn um helstu hagtölur sem tengjast starfsemi lífeyrissjóða. Í hópinn voru valin:

Sara Jóna Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða  
Þór Egilsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Þórhildur Stefánsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum  
Þorkell Sigurgeirsson, LSR/LH

Hópurinn skilaði af sér niðurstöðum og hélt sérstakan fund þann 14. febrúar 2013 þar sem úrvinnsla hagtalna var kynnt stjórnarmönnum og starfsmönnum lífeyrissjóða. Gögnin gefa mikilvæga yfirsýn yfir hagstærðir og hlutverk lífeyrissjóða í íslensku hagkerfi og upplýsa um þróun ávöxtunar og greiðslna lífeyris til sjóðfélaga. Hagtölurnar eru aðgengilegar á vefnum [www.ll.is](http://www.ll.is) og verða uppfærðar árlega á haustmánuðum.

**Fræðslunefnd***Helstu verkefni*

- Móta stefnu og vinna að kynningarefni um lífeyriskerfið.
- Efla og viðhalda fræðslusíðu.
- Efla umræðu meðal lífeyrissjóða um upplýsingagjöf.
- Skipuleggja og hafa frumkvæði að námskeiðahaldi og almennri fræðslu fyrir lífeyrissjóði.

Fræðslunefnd er þannig skipuð:

Arnaldur Loftsson, formaður, Frjálsa lífeyrissjóðnum  
Guðrún Guðmannsdóttir, Lífeyrissjóði Vestfirðinga  
Gunnar Baldvinsson, Almenna lífeyrissjóðnum  
Jón G. Kristjánsson, LSS  
Kristján Örn Sigurðsson, Sameinaða lífeyrissjóðnum  
Soffía Gunnardóttir, Stöfum lífeyrissjóði



**Fundur réttindanefndar.** Frá vinstri: Ólafur K. Ólafsson, Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, Þórey S. Þórðardóttir, Friðbert Traustason, Sigurbjörn Sigurbjörnsson, Sigríður Ómarsdóttir, Gylfi Jónasson og Þorbjörn Guðmundsson.



**Á fundi 14. febrúar 2013 kynnti vinnuhópur ítarlega samantekt sína á ýmsum hagtölum sem varða íslenska lífeyrissjóði.** Frá vinstri: Þór Egilsson, Þorkell Sigurgeirsson, Sara Jóna Stefánsdóttir og Þórhildur Stefánsdóttir.

**Réttindabók**

Nefndin hefur haldið alls 7 fundi á starfsárinu. Helstu viðfangsefni fræðslunefndar eru að gera tillögur um og fylgja eftir verkefnum sem lúta að fræðslumálum fyrir lífeyrissjóðina, bæði er varða innri starfsemi þeirra og upplýsingar til sjóðfélaga. Hér er getið stærstu verkefna en jafnframt hefur fræðslunefndin staðið að ýmsum fræðslufundum, sbr. síðari upptalningu á fundum og erindum sem haldin hafa verið á vegum LL.

Markmið þeirrar vinnu sem farið hefur fram undir yfirskriftinni Réttindabók er að hver og einn sjóðfélagi geti, í gegnum vefsíðu síns lífeyrissjóðs, nálgast upplýsingar um heildaréttindi sín í samtryggingu. Unnt verður að nálgast þessi gögn í gegnum vefþjónustu sem sækir upplýsingar frá öðrum sjóðum. Gögnin verða ekki vistuð eða varðveitt hjá þeim sem sækir, heldur þarf að sækja þau að nýju í hvert sinn sem sjóðfélagi vill nálgast upplýsingar um réttindi sín. Stefnt er að opnun og kynningu á þessari gagnagátt á haustdögum 2013.

Tæknimenn sem vinna við útfærslu á réttindaaðgangi sjóðfélaga eru:

Andrjes Guðmundsson og Kristján Kristjánsson, frá Fuglum  
Pétur Hilmarsson, frá Init  
Sigurður Örn Jónsson, Ívar Örn Helgason og Gyða Einarsdóttir frá Arionbanka  
Haraldur Arason, frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna

**Gott að vita –  
fræðsluvefur**

Landssamtök lífeyrissjóða hafa í nokkur ár haldið úti vefsíðunni [www.gottadvita.is](http://www.gottadvita.is). Tilgangur með rekstri þeirrar vefsíðu er að hafa á einum stað helstu spurningar og svör um lífeyrismál á Íslandi. Haustið 2012 skipaði fræðslunefnd LL vinnuhóp til að endurgera fræðsluvefinn „Gott að vita“. Í þeirri vinnu skyldi lögð áhersla á að vefurinn nýttist betur til fræðslu fyrir yngri sjóðfélaga auk þess að vera til kynningar á lífeyriskerfinu almennt. Hópurinn tók til starfa í nóvember 2012 og gerði, að lokinni stefnumótunarvinnu, samning samkvæmt tilboði við almannatengslafyrirtækið Athygli um framkvæmd verksins. Stefnt er að opnun endurgerðar vefsíðu í maí 2013.

Í vinnuhóp um endurgerð á fræðsluvefnum [www.gottadvita.is](http://www.gottadvita.is) eru:

Ágústa H. Gísladóttir, LSR/LH  
Ólafur Haukur Jónsson, Sameinaða lífeyrissjóðnum  
Sigurður Albert Ármannsson, LL  
Þórhallur B. Jósepsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Þórhildur Stefánsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum

**Úrskurðar- og umsagnarnefnd**

Samkvæmt 10. gr. Samkomulags um samskipti lífeyrissjóða ber Landssamtökum lífeyrissjóða að skipa í úrskurðar- og umsagnarnefnd. Ákvæðið er svohljóðandi:

*Skipa skal þriggja manna úrskurðar- og umsagnarnefnd til að fjalla um mál, er varða framkvæmd samkomulags þessa. Landssamtök lífeyrissjóða skipa nefndarmenn þessa ásamt þremur mönnum til vara til fjögurra ára í senn.*

Á fundi stjórnar LL þann 21. ágúst 2012 var skipað í úrskurðarnefndina til næstu fjögurra ára.

*Aðalmenn:*

Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, formaður, LSR/LH  
Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Örn Guðnason, Gildi lífeyrissjóði



Varamenn:

Sigurbjörn Sigurbjörnsson, Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda  
Sigprúður Jónasdóttir, Sameinaða lífeyrissjóðnum  
Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða

Á starfsárinu hefur eitt mál komið til umsagnar hjá nefndinni og verið leitt til lykta.

### Aðrir vinnuhópar og starfsnefndir

Á vettvangi LL koma upp fjölbreytt viðfangsefni og er sótt í þann fjölbæfa mannauð sem starfar hjá lífeyrissjóðunum til að vinna ýmis verkefni. Hér er getið nokkurra slíkra vinnuhópa.

#### Framkvæmd greiðslu- aðlögunarsamninga

Umboðsmaður skuldara hefur ítrekað boðað til funda um ýmis málefni er varða framkvæmd greiðsluáðlögunarsamninga. M.a. fór umboðsmaður fram á að sjóðirnir gerðu samkomulag um eftirgjöf veðkrafna.

Til að yfirfara málið og gæta hagsmuna sjóðanna var skipaður vinnuhópur:

Óskar Magnússon, formaður, Sameinaða lífeyrissjóðnum  
Bjarney Sigurðardóttir, Gildi lífeyrissjóði  
Elísabet Þórey Þórisdóttir, LSR/LH  
Guðrún K. Sigurðardóttir, Gildi lífeyrissjóði  
Viktor Guðmundsson, Stöfum lífeyrissjóði  
Þór Egilsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

#### Reglur um varnir gegn peningaþvætti

Lífeyrissjóðum ber að setja sér reglur um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi. Ákveðið var að setja á fót vinnuhóp til að semja leiðbeinandi reglur í því sambandi. Þessi vinna gengur vel og er á lokasprettinum.

Í vinnuhópnum eru:

Auður Finnbogadóttir, Lífeyrissjóði verkfræðinga  
Elísabet Þórey Þórisdóttir, LSR/LH  
Sigríður Ómarsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum  
Viktor Guðmundsson, Stöfum lífeyrissjóði  
Þórey S. Þórðardóttir, LL

#### Reglur um verðbréfa- viðskipti o.fl.

Í úttektarskýrslu LL komu m.a. fram ábendingar um að æskilegt væri að uppfæra reglur sjóðanna um verðbréfaviðskipti stjórnarmanna og starfsmanna. Skipaður var vinnuhópur til að uppfæra leiðbeinandi verklagsreglur LL um málefnið. Vinnuhópurinn skilaði af sér drögum að slíkum reglum sem sendar voru Fjármálaeftirlitinu til umsagnar. Frá eftirlitinu bárust nokkrar gagnlegar ábendingar og uppfærði hópurinn reglurnar til samræmis við þær. Þann 24. apríl 2013 voru „Leiðbeinandi verklagsreglur Landssamtaka lífeyrissjóða um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna lífeyrissjóðs með fjármálagerninga“ sendar út til sjóðanna.

Vinnuhópurinn skipaðu:

Daníel Arason, Almenna lífeyrissjóðnum  
Elísabet Þórey Þórisdóttir, LSR/LH  
Guðrún Inga Ingólfssdóttir, Gildi lífeyrissjóði  
Halldór Kristinsson, Íslenska lífeyrissjóðnum  
Stefán Halldórsson, starfsmaður hópsins

#### Skilmálahópur

Vinnuhópur var settur á fót til að yfirfara almenna skilmála fyrir viðskipti með fjármálagerninga milli lífeyrissjóða og fjármálafrirtækja. Verkefni hópsins er einkum að koma



með tillögur um hvað betur megi fara og hvaða kröfur lífeyrissjóðir eigi að lágmarki að gera til slíkra skilmála. Leitað var til Aðalsteins Jónassonar hrl. til að semja drög að skilmálum. Enn liggur ekki fyrir hvernig hagkvæmast verður að koma sjónarmiðum lífeyrissjóðanna á framfæri í þessum efnunum en í því sambandi hefur verið leitað aðkomu Samtaka fjármálafyrirtækja.

Í vinnuhópnum eru:

Kristjana Sigurðardóttir, formaður, Almenna lífeyrissjóðnum  
Anna María Ingólfssdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Auður Finnbogadóttir, Lífeyrissjóði verkfræðinga  
Elísabet Þórey Þórisdóttir, LSR/LH  
Guðrún Inga Ingólfssdóttir, Gildi lífeyrissjóði

#### Umboðsmaður skuldabréfaeigenda

Til athugunar hefur verið hvernig unnt sé að tryggja sem best réttarstöðu lífeyrissjóða sem kaupenda skuldabréfa. Eftir efnahagshrunið 2008 varð ljóst að mikið hafði vantað upp á að skilmálar skuldabréfa væru ásættanlegir og fóru lífeyrissjóðir illa út úr mörgum viðskiptum af þessum sökum. Í umræðunni hefur m.a. verið litið til Noregs en þar er þekkt fyrirkomulag um umboðsmann skuldabréfaeigenda. Mál þetta er nú til skoðunar í viðræðuhópi nokkurra aðila.

Fulltrúar LL eru:

Auður Finnbogadóttir, Lífeyrissjóði verkfræðinga  
Davíð Rúdólfsson, Gildi lífeyrissjóði  
Þórey S. Þórðardóttir, LL

#### Efling fjármálafræðslu

Mennta- og menningamálaráðherra skipaði með erindisbréfi 9. júní starfshóp sem fékk það verkefni að vinna að því að efla fjármálafræðslu í grunn- og framhaldsskólum. Fulltrúar í hópnum eru tilnefndir af Samtökum fjármálafyrirtækja, Landssamtökum lífeyrissjóða, Kennarasambandi Íslands, Heimili og skóla, Neytendasamtökunum, Námsgagnastofnun og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra skipaði einn fulltrúa í stýrihópinn sem er formaður og tengiliður við ráðuneytið. Þórey S. Þórðardóttir er fulltrúi LL í þessari vinnu. Síðastliðið haust hófst markviss tilraunakennsla í sex skólum. Búndnar eru vonir við að tilraunakennslan leiði í ljós hvar og hvernig þessari fræðslu verði best fyrir komið í náminu þannig að tryggt verði að allir nemendur fái notið hennar í framtíðinni. Markmiðið með kennslunni er að fræða ungmenni um fjármál og efnahagsmál til þess að þau verði hæfari til að takast á við eigin fjármál og skilja betur efnahagskerfi heimsins.



#### Nokkrar sem virkar hafa verið í starfi LL.

Frá vinstri: Guðrún Inga  
Ingólfssdóttir, Sigríður  
Ómarsdóttir, Kristjana  
Sigurðardóttir, Helga  
Indriðadóttir og Vala  
Rebekka Þorsteinsdóttir.

## FUNDIR, RÁÐSTEFNUR OG NÁMSKEIÐ

*Eftirfarandi eru í tímaröð helstu opnir fundir, ráðstefnur og viðburðir sem fram hafa farið á vettvangi LL frá síðasta aðalfundi:*

- 6. júní 2012** Fundur um mögulegar fjárfestingar lífeyrissjóða í leiguhúsnæði. Stefán Halldórsson, starfsmaður fasteignahóps LL, fjallaði um mögulegt samstarf lífeyrissjóða um rekstur leiguíbúða. Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stafa lífeyrissjóðs, fjallaði um aðkomu einstakra sjóða að fasteignaverkefnum.
- 20. september 2012** Landssamtök lífeyrissjóða héldu morgunverðarfund um helstu niðurstöður skýrslu sem unnin var á vegum Samtaka fjármálafyrirtækja. Yfirskrift skýrslunnar var „Nauðsyn eða val - verðtrygging, vextir og verðbólga.“ Frummælendur voru Valdimar Ármann sem fjallaði um Íslandslánin og verðbólguhringrás Íslands, og Ásgeir Jónsson sem fjallaði um verðtryggingu sem nauðsyn eða val.
- 21. september 2012** Hádegisspjall stjórnar LL með framkvæmdastjórum lífeyrissjóðanna. Gunnar Baldvinsson, formaður, kynnti starfsáætlun LL og fyrirhugað samstarf við sjóðina.
- 3. – 5. október 2012** Námskeið til undirbúnings hæfismati FME fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóða. Félagsmála-skóli ASÍ hélt námskeið í samstarfi við LL.
- 16. október 2012** Hádegisspjall með baklandi lífeyrissjóðanna. Á fundinn mættu forystumenn samtaka launafólks og samtaka atvinnurekenda. Gunnar Baldvinsson, formaður, kynnti verk-áætlun starfsársins og rætt var almennt um starfsumhverfi lífeyrissjóðanna.
- 15. nóvember 2012** Ráðstefna um kjaramál eldri borgara á vegum Landssambands eldri borgara og ASÍ. Þar flutti Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, erindi undir yfirskriftinni „Lífeyrissjóðir, eign eða réttindi“. Aðrir framsögumenn voru: Stefán Ólafsson prófessor, Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB, Gylfi Arnbjörnsson formaður ASÍ, Árni Gunnarsson, Þórunn Sveinbjörnsdóttir og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.
- 22. nóvember 2012** Málstofa á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða um fjárfestingarstarfsemi lífeyrissjóða og ætluð starfsmönnum lífeyrissjóða. Fyrirlesari var Tómas Möller lögfræðingur.
- 30. nóvember 2012** „Tryggingastærðfræðingar flytja fréttir af framtíðinni.“ Opinn fundur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Þórir Óskarsson, tryggingastærðfræðingur, kynnti nýjar dánar- og eftirlifendatöflur miðað við reynslu árána 2007 – 2011 og Benedikt Jóhannesson, tryggingastærðfræðingur, fjallaði um áhrif næstu áratugi af tillögum um breytingar á almannatryggingum.
- 13. desember 2012** Samstarf lífeyrissjóða og VIRK. Kynningarfundur um tillögur að verkferlum sem undirnefnd réttindanevndar LL hafði unnið og skilaði af sér á fundinum. Framsögumenn voru Ólafur Haukur Jónsson og Ingibjörg Loftsdóttir.
- 16. janúar 2013** Skipting ellilífeyrisréttinda. Kynningarfundur á vegum LL um endurnýjað verklag við skiptingu ellilífeyrisréttinda milli sjóðfélaga og maka. Framsögumenn Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL og Sara Jóna Stefánsdóttir frá Greiðslustofu lífeyrissjóða.
- 17. janúar 2013** Námskeið sem haldið var að frumkvæði LL um skýrsluskil til FME. Tilgangur með námskeiðinu var að kynna þær kröfur sem gerðar eru um framsetningu gagna sem lífeyrisjóðir senda reglulega til FME. FME annaðist námskeiðið.
- 22. janúar 2013** Hádegisspjall með stjórnarformönnum og framkvæmdastjórum lífeyrissjóðanna haldið á Grand Hótel. Á fundinum var einkum farið yfir helstu verkefni sem unnin eru á vegum LL.



- 23. janúar 2013** Fundur umsjónarmanna upplýsingatækni hjá lífeyrissjóðum. Farið var yfir leiðbeinandi tilmæli FME nr. 1/ 2012 um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila og einkum hvernig þau snerta störf umsjónarmanna upplýsingatækni og þau kerfi sem notuð eru. Á fundinum kynnti Ásgrímur Skarphéðinsson, forstöðumaður upplýsingatæknimála hjá LSR/LH, verklag sem þar er viðhaft. Bjarni Júlíusson, ráðgjafi fjallaði um ábyrgð umsjónarmanns á gagnavörslu og eftirfylgni með henni og reifaði helstu viðbætur sem felast í tilmælunum.
- 29. janúar 2013** Fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða og horfur á árinu 2013. Morgunverðarfundur var haldinn fyrir starfsmenn lífeyrissjóða. Framsögumenn voru Margrét Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri eignastýringar Arionbanka, sem fjallaði um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða og horfur á árinu 2013, og Jón Bjarki Bentsson, greiningardeild Íslandsbanka, sem fjallaði um leið hagkerfisins upp úr öldudalnum.
- 12. febrúar 2013** Hádegisspjall stjórnar LL með alþingismönnum þar sem ýmislegt var kynnt úr starfi lífeyrissjóðanna. Gunnar Baldvinsson, formaður LL, fór yfir helstu áherslur og viðfangsefni í starfsemi lífeyrissjóða og svaraði spurningum fundarmanna.
- 14. febrúar 2013** Hagtölusafn lífeyrissjóðanna. Á fundinum kynnti vinnuhópur á vegum samskiptanefndar LL ítarlega samantekt á helstu hagtölum sem varða íslenska lífeyrissjóði. Framsögumenn voru þau Sara Jóna Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða, Þór Egilsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna, Þórhildur Stefánsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum og Þorkell Sigurgeirsson, LSR/LH.
- 25. – 27. febrúar 2013** Námskeið til undirbúnings hæfismati FME fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóða. Félagsmála-skóli ASÍ hélt námskeið í samstarfi við LL.
- 12. mars 2013** Í tilefni af 25 ára starfsafmæli sínu hélt Hring sjá starfsendurhæfing ráðstefnu um starfsendurhæfingu, vinnu- og verkþjálfun og starfsendurhæfingarstöðvar. Á ráðstefnunni var fjöldi framsögumanna og hélt Sigurður Albert Ármannsson erindi f.h. LL.
- 14. mars 2013** Hádegisspjall stjórnarmanna LL með fulltrúum fjölmiðla. Á fundinum kynnti Gunnar Baldvinsson, formaður LL, helstu áherslur og viðfangsefni fyrir fundarmönnum og svaraði spurningum þeirra.
- 19. mars 2013** Í tilefni af framlagningu nýs frumvarps um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning boðaði stjórn LL til kynningarfundar um efni frumvarpsins fyrir forystumenn lífeyrissjóða. Framsögumaður var Ágúst Þór Sigurðsson, sérfræðingur úr velferðar-ráðuneytinu.
- 18. apríl 2013** „Lífeyriskerfið – okkar eign og áhætta.“ Rannsóknarsetur Háskólans í Reykjavík og LL héldu ráðstefnu um áhættustjórnun. Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík setti ráðstefnuna. Framsögumenn voru: Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, Björn Z. Ásgrímsson, sérfræðingur í áhættugreiningu FME, Lúðvík Eliasson, sérfræðingur í fjármálastöðugleika Seðlabanka Íslands, Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, Steinunn Guðjónsdóttir, tryggingastærðfræðingur, Sverrir Ólafsson, prófessor við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík.
- 24. maí 2013** Kynningarfundur fyrir starfsmenn lífeyrissjóða um áhrif nýrra tilmæla Fjármálaeftirlitsins á rekstur upplýsingatæknikerfa eftirlitsskyldra aðila. Bjarni Júlíusson ráðgjafi kynnti tilögur að breytingum á verklagi og öryggisþáttum sem hann hafði unnið að beiðni LL.



## ÚTTEKTARSKÝRSLA Á STARFI LÍFEYRISSJÓÐANNA

Þann 24. júní 2010 samþykkti stjórn Landssamtaka Lífeyrissjóða að fara þess á leit við ríkissáttasemjara að hann skipaði þriggja manna nefnd „óháðra, óvilhallra og hæfra einstaklinga sem fái það hlutverk að gera úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins á Íslandi í október 2008.“ Sáttasemjari varð við þessari beiðni og skipaði í nefndina þá Hrafn Bragason fyrrverandi hæstaréttardómara, Guðmund Heiðar Frímansson prófessor og Héðin Eyjólfsson M.Sc. í viðskiptafræði.

Nefndin skilaði ítarlegri skýrslu í febrúar 2012. Landssamtök lífeyrissjóða höfðu þegar í stað forystu um að setja af stað vinnu við að greina efni skýrslunnar og þar með til hvaða aðgerða lífeyrissjóðir þyrftu að grípa til að fara eftir þeim ábendingum og aðfinnslum sem fram koma í úttektarskýrslunni.

Skýrslan sjálf er mikið lesefni og ítarlegt í fjórum bindum, alls um 700 bls. Í fyrsta bindinu á bls. 19 – 29 er ágríp af helstu athugasemdum nefndarinnar.

Ábendingar í úttektarskýrslunni snúa bæði að einstökum lífeyrissjóðum og einnig að lífeyrissjóðakerfinu í heild. Á vegum LL hefur verið lögð áhersla á að greina og vinna úr almennum atriðum þar sem LL geta beitt sér fyrir úrbótum. Í því sambandi hafa fjöldi vinnuhópa verið skipaðir, sumir lokið störfum en aðrir enn við störf, eins og framar greinir. Allmörg atriði varða löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða og eru því á forræði stjórnvalda að vinna úr en þar er mikilvægt að litið sé til þeirra miklu reynslu sem er innan sjóðanna. Lífeyrissjóðirnir eru eign almennings og því mikilvægt að vandað sé til verka og fagmennsku gætt í hvívetna.

## GJALDMIÐLAVARNARSAMNINGAR

Eins og fram kom í ársskýrslu LL vorið 2012 var gengið frá rammasamkomulagi um uppgjör gjaldmiðlavarnarsamninga við Landsbankann í júlí 2011 og gert var sambærilegt samkomulag vorið 2012 tólf lífeyrissjóða um skuldauppgjör við Glitni. Undir lok ársins 2012 var samið við slitastjórn Kaupþings hf. en mikilvægt er að óvissu í eignum og skuldbindingum sjóðanna sé eytt.

## SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD

Stór þáttur í starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóða er að koma á framfæri sjónarmiðum er varða hagsmuni lífeyrissjóðanna við stjórnvöld, stofnanir og þingnefndir. Samtökin hafa skilað inn fjölda umsagna um lagafrumvörp og reglur Fjármálaeftirlitsins er varða lífeyrissjóði á einn eða annan hátt.

### Lánsveð

Stjórnvöld hafa lagt ríka áherslu á að finna úrræði til að koma til móts við lántakendur með lánsveð og vildu finna leið til að jafna stöðu þessa hóps til samræmis við stöðu þeirra sem fengu úrlausn skv. hinni svokölluðu 110% leið. Í viðræðum fulltrúa LL við stjórnvöld þurfti ítrekað að minna á að stjórnir viðkomandi sjóða hafa það hlutverk að gæta réttinda sjóðfélaga til greiðslu lífeyris og hafa ekki heimildir til að ráðstafa eignum sjóðfélaga að vild. Þann 23. apríl 2013 var undirrituð sameiginleg viljayfirlýsing þar sem stefnt er að hliðstæðri lausn fyrir þá sem fengu lánsveð til íbúðarkaupa og var samkvæmt hinni svokölluðu 110% leið. Í yfirlýsingunni er gengið út frá því að hlutur lífeyrissjóða svari til 12% af heildarkostnaði en ríkisvaldið tryggi greiðslu á 88% þeirrar niðurfærslu á skuldum tryggðum með lánsveðum, sem aðgerðin gæti tekið til. Þátttaka lífeyrissjóðanna var m.a. háð því skilyrði að aðgerðin feli ekki í sér skerðingu á fjárhagslegum hagsmunum sjóðfélaga auk þess sem eftirfarandi fyrirvarar eru tilgreindir:

1. Að ríkisstjórnin afli nauðsynlegra lagaheimilda til þess að skuldbinda ríkissjóð til greiðslu á sínum hluta í lækkun eftirstöðva lánsveðslána.
2. Að samráð hafi verið haft við Fjármálaeftirlitið, Eftirlitsstofnun EFTA og Samkeppniseftirlitið
3. Að stjórnir hlutaðeigandi lífeyrissjóða hafi staðfest samkomulag um efnið að fengnu álitum um lögmæti skuldbindinga skv. samkomulaginu.

### Skattlagning

Með lögum sem tóku gildi í árslok 2011 var afar umdeildur skattur lagður á eignir samtryggingardeilda lífeyrissjóða. Skattlagningunni var ætlað að fjármagna sérstakar vaxtætur til tveggja ára, 2011 og 2012. LL og allt bakland lífeyrissjóðanna hafa barist hart gegn þessari óréttmætu skattlagningu sem LL telja ólöglega og brot á stjórnarskrá.



Unnið að uppfærslu fræðsluvefsins „Gott að vita“. Frá vinstri: Ágústa H. Gísladóttir, Þórhildur Stefánsdóttir, Þórhallur B. Jósefsson og Sigurður Albert Ármannsson.

Umfangsmiklar viðræður áttu sér stað við fulltrúa fjármálaráðuneytisins þar sem leitað var allra mögulegra leiða til að fá stjórnvöld til að draga þessi áform sín til baka. Síðasta leiðin sem reynd var til fjármögnunar var að lífeyrissjóðirnir tryggðu þátttöku í gjald-eyrisútboðum Seðlabanka Íslands að fjárhæð allt að 200 milljónir evra. Lífeyrissjóðirnir stóðu við sinn þátt en ávinningur af útboðunum reyndist lakari en ríkið hafði áætlað sem varð til þess að skatturinn var aðeins dreginn að hluta til baka. Alþýðusamband Ísland rekur nú dómsmál á hendur ríkinu þar sem látið er reyna á lögmæti skattlagningarinnar.

#### Hæfi stjórnarmanna

Stjórnarmenn í lífeyrissjóðum skulu samkvæmt lögum búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Á árinu 2010 stofnaði Fjármálaeftirlitið sérstaka ráðgjafanefnd sem gefur álit um hæfi stjórnarmanna lífeyrissjóða og hóf eftirlitið á árinu 2011 að boða stjórnarmenn í viðtöl. Nokkur umræða hefur átt sér stað um það meðal lífeyrissjóðanna hvernig best sé að standa að hæfismati stjórnarmanna með það að markmiði að tryggja nauðsynlegt hæfi þeirra en um leið skilvirkni. Sú framkvæmd sem nú er á matinu hefur m.a. þá meinbugi að draga hug úr ýmsum hæfum einstaklingum til að gefa kost á sér til stjórnarsetu. LL hafa ítrekað komið þessum sjónarmiðum á framfæri við Fjármálaeftirlitið og er þess vænst að unnt verði að finna matsaðferð sem almenn sátt ríkir um.

#### Kynjakvótar

Þann 1. september 2013 mun að óbreyttu taka gildi lagaákvæði er mælir fyrir um kynjakvóta á stjórnir lífeyrissjóða þar sem hlutfall hvors kynsins sé ekki lægra en 40%. Ákvæðið var lögfest án samráðs við lífeyrissjóðina og svo virðist sem ekki hafi verið nægilega gætt að því hvernig háttáð er skipan í stjórnir sjóðanna. Almenn virðist einhugur um að nauðsyn sé að tryggja aðkomu beggja kynja að stjórnarsetu í lífeyrissjóðum. LL hafa sent umsögn til efnahags- og viðskiptanefndar þar sem tilgreind eru sjónarmið sjóðanna og óskað eftir ákveðnum breytingum á ákvæðinu.

#### Gagnsæistilkynningar

Meðal forsvarsmanna lífeyrissjóðanna hafa nokkrar áhyggjur verið vegna beitingar Fjármálaeftirlitsins á gagnsæistilkynningum og hefur málið verið rætt í stjórn LL. Virðist framkvæmdin vera sú að birta opinberlega allt sem betur mætti fara án mats á mikilvægi þess en geta í engu þess sem vel er gert. Ekki verður dregið úr mikilvægi virks eftirlits með lífeyrissjóðunum enda almennar ábendingar og athugasemdir til þess fallnar að bæta starfsemi sjóðanna. Hins vegar er hætt við að núverandi framsetning á gagnsæistilkynningum muni draga úr tiltrú sjóðfélaga á starfsemi sjóðanna.

## ERLENT SAMSTARF



Landssamtök lífeyrissjóða hafa um árabíl átt aðild að evrópskum samtökum sem eru vettvangur samvinnu samtaka lífeyrissjóða innan einstakra ríkja ESB og EFTA. Samtökin nefndust EFRP (European Federation For Retirement Provision). Á fundi þeirra sl. haust var samþykkt að breyta nafninu í Pension Europe (PE), aðgengilegra nafn sem lýsti betur starfsemi þeirra.

Nú á 21 ríki aðild að samtökunum, þar af 16 aðildarríki ESB.

Skrifstofur PE eru í Brussel og þar starfa framkvæmdastjóri, tveir hagfræðiráðgjafar, tveir lögfræðiráðgjafar og skrifstofustjóri.

LL eiga áheyrnaraðild að PE með rétti til setu á fundum á vegum samtakanna, aðgangi að innri vef þeirra og málefnnastarfi. Einnig eiga LL þess kost að senda inn upplýsingar og fá aðgang að niðurstöðum kannana sem gerðar eru á vegum PE um stöðu lífeyrismála í aðildarríkjunum. LL greiða lægra gjald til samtakanna en ef um fulla aðild væri að ræða, en eiga ekki rétt á aðild að stjórn samtakanna. Það er mat þeirra sem hafa tekið þátt í þessu starfi fyrir hönd LL að áheyrnaraðild þjóni ágætlega hagsmunum LL.

Undanfarin ár hafa PE haldið svokallaða GAM fundi (General Assembly Meeting) tvisvar á ári. Fullrúí LL hefur að jafnaði sótt annan hvern fund ásamt framkvæmdastjóra LL.

Með þessari aðild fá LL ýmsan ávinning:


- Tengingu við hagsmunagæslusamtök á vettvangi þar sem unnið er að sameiginlegum ESB reglum.
- Aðgang að samevrópskum könnunum um lífeyrismál.
- Tengsl við aðila í nágrannalöndum okkar sem vinna að hliðstæðum hagsmunamálum.
- Betri möguleika en ella til að fylgjast með þróun málefna og regluverks er varða lífeyrissjóði á vettvangi ESB.

Hjá því verður hins vegar ekki litið að það krefst tíma, vinnu og sérhæfingar að fylgjast með þróun mála á vegum PE. Því er hér fyrst og fremst um ákveðna skimun að ræða af hálfu LL samhliða því að LL á greiðari aðgang að upplýsingaveitum en annars væri.

Nánari upplýsingar um Pension Europe:

Veffang samtakanna er: [www.efrp.org](http://www.efrp.org) .

Stefnuskjöl PE (Position papers): <http://www.efrp.org/Publications/EFRPLibrary.aspx>





## AÐILDARSJÓÐIR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Lífeyrissjóður	Hrein eign 31.12.2011 þús. króna	Innan LL %
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	379.505.524	18,09%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	345.513.402	16,47%
Gildi lífeyrissjóður	265.380.239	12,65%
Stapi lífeyrissjóður	117.132.148	5,58%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	114.340.749	5,45%
Almenni lífeyrissjóðurinn	110.081.536	5,25%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	99.715.436	4,75%
Stafir lífeyrissjóður	91.461.698	4,36%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	88.403.669	4,21%
Festa lífeyrissjóður	69.880.875	3,33%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	58.467.092	2,79%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	58.203.227	2,77%
Lífeyrissjóður bankamanna	50.985.662	2,43%
Lífeyrissjóður verkfræðinga	38.592.154	1,84%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	33.734.148	1,61%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	30.986.915	1,48%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	28.171.883	1,34%
Lífeyrissjóður bænda	23.831.385	1,14%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	22.308.968	1,06%
Eftirlaunasjóður FÍA	18.186.547	0,87%
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.	17.104.234	0,82%
Kjölur lífeyrissjóður	8.328.083	0,40%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	8.075.514	0,38%
Lífeyrissjóður Rangæinga	6.239.481	0,30%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	3.122.493	0,15%
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	3.107.690	0,15%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	3.081.060	0,15%
Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar	1.784.992	0,09%
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	900.988	0,04%
Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar	602.404	0,03%
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	502.970	0,02%
Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar	94.089	0,00%
<b>Samtals:</b>	<b>2.097.827.255</b>	<b>100%</b>

Heimild: Ársreikningaskrá FME

# LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

## ÁRSREIKNINGUR 2012





# SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvari lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2012 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur félagsins árið á undan. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 96,1 millj. kr. og tap á rekstrinum var 0,7 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 42,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 42,7 millj. kr.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. apríl 2013

## **Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:**

Gunnar Baldvinsson

Haukur Hafsteinsson

Arnar Sigurmundsson

Friðbert Traustason

Guðrún Guðmannsdóttir

Helgi Magnússon

Sigurður Bessason

Þorbjörn Guðmundsson

## **Framkvæmdastjóri:**

Þórey S. Þórðardóttir



# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

## TIL STJÓRNAR OG AÐILDARSJÓÐA LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landssamtaka Lífeyrissjóða fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## ÁBYRGÐ STJÓRNENDA Á ÁRSREIKNINGNUM

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## ÁBYRGÐ ENDURSKOÐANDA

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## ÁLIT

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2012, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

## STAÐFESTING VEGNA SKÝRSLU STJÓRNAR

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 16. apríl 2013

**KPMG ehf.**

Sæmundur Valdimarsson

## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>REKSTRARTEKJUR</b>			
Árgjöld .....	1b	73.591.547	34.661.819
Sérstakt gjald vegna úttektarnefndar .....	1b	21.100.000	39.999.998
Aðrar tekjur .....		<u>1.406.838</u>	<u>1.775.759</u>
		<u>96.098.385</u>	<u>76.437.576</u>
<b>REKSTRARGJÖLD</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	2	39.765.001	40.044.751
Annar rekstrarkostnaður .....	3	39.887.241	39.368.981
Kostnaður vegna úttektarnefndar .....	4	<u>18.894.501</u>	<u>43.709.438</u>
		<u>98.546.743</u>	<u>123.123.170</u>
<b>Rekstrartap án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....</b>		( 2.448.358 )	( 46.685.594 )
Vaxtatekjur .....		1.797.135	1.933.701
Vaxtagjöld .....		<u>(19.385)</u>	<u>(32.081)</u>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....</b>		<u>1.777.750</u>	<u>1.901.620</u>
<b>Tap ársins .....</b>	7	( <u>670.608</u> )	( <u>44.783.974</u> )



## 31. DESEMBER 2012

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2012	2011
Eigið fé .....	7	<u>41.980.928</u>	<u>42.651.536</u>
<b>SKAMMTÍMASKULDIR</b>			
Ýmsar skammtímaskuldir .....		<u>11.152.121</u>	<u>8.290.213</u>
	Skuldir samtals	<u>11.152.121</u>	<u>8.290.213</u>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u><u>53.133.049</u></u>	<u><u>50.941.749</u></u>



## SKÝRINGAR

### 1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs-reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.
- b. *Innlausn tekna*  
 Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu 2012 eru miðuð við iðgjaldatekjur þeirra á árinu 2011. Árgjöldin eru 0,085% af 12% lágmarksiðgjöldum sjóðanna. Þeir sjóðir sem taka ekki lengur við iðgjöldum greiða 0,0048% af hreinni eign í árslok 2011. Á árinu 2011 voru lögð á 21,0 millj. kr. aukaárgjöld til að mæta kostnaði við Úttektarnefnd Landssamtaka lífeyrissjóða.
- c. *Rekstrarfjármunir*  
 Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð
- d. *Eignarhlutir í félögum*  
 Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði

### 2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2012	2011
Laun stjórnar og varastjórnar .....	8.895.000	6.814.084
Laun starfsmanna .....	21.515.225	24.121.304
Laun samtals .....	30.410.225	30.935.388
Launatengd gjöld .....	9.354.776	9.109.363
Laun og launatengd gjöld samtals .....	39.765.001	40.044.751
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf .....	1,3	1,8
Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna greinist þannig:		2012
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri .....		15.898.436
Hrafn Magnússon, fyrrverandi framkvæmdastjóri .....		3.721.262
Arnar Sigurmundsson, fyrrv. formaður stjórnar .....		3.140.000
Gunnar Þór Baldvinsson, formaður stjórnar .....		1.030.000
Haukur Hafsteinsson, varaformaður .....		1.005.000
Friðbert Traustason .....		670.000
Guðrún K. Guðmannsdóttir .....		670.000
Helgi Magnússon .....		670.000
Sigurður Bessason .....		670.000
Þorbjörn Guðmundsson .....		670.000
Jón G. Kristjánsson .....		115.000
Auður Finnbogadóttir .....		110.000
Ólafur Sigurðsson .....		90.000
Sigurbjörn Sigurbjörnsson .....		55.000

**Skýringar, frh.:****3. Annar rekstrarkostnaður**

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2012	2011
Húsaleiga .....	2.102.952	1.996.389
Annar húsnæðiskostnaður .....	424.951	379.642
Pappír, prentun, ritföng .....	1.000.251	1.682.234
Símakostnaður .....	780.064	672.480
Burðargjöld .....	147.557	132.539
Bækur, blöð og tímarit .....	1.076.498	670.410
Aðkeypt þjónusta lögfræðinga .....	9.346.143	8.509.329
Aðkeypt þjónusta endurskoðenda .....	1.107.412	1.481.580
Aðkeypt þjónusta frá Greiðslustofu lífeyrissjóða .....	4.053.347	2.422.754
Aðkeypt þjónusta almennatengla .....	1.732.522	2.825.424
Aðkeypt þjónusta fjármálaráðgjafa .....	188.514	1.878.008
Önnur aðkeypt þjónusta .....	2.929.753	5.793.400
Rekstur bifreiðar .....	0	1.399.786
Ferðakostnaður .....	1.112.187	1.212.334
Fundir, ráðstefnur, námskeið .....	2.825.252	1.934.009
Auglýsingar og kynningarkostnaður .....	2.297.173	1.724.192
Félagsgjöld .....	1.764.112	1.684.799
Réttindabók .....	5.102.867	435.493
Viðhald og gjaldfærð áhöld og tæki .....	864.024	566.461
Risna .....	0	512.416
Styrkir .....	300.000	525.000
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	500.577	500.582
Annar kostnaður .....	231.085	429.720
Annar rekstrarkostnaður samtals .....	<u>39.887.241</u>	<u>39.368.981</u>

**4. Kostnaður vegna úttektarnefndar**

Kostnaður vegna úttektarnefndar greinist þannig:		
Laun .....	8.124.133	32.100.616
Launatengd gjöld .....	<u>1.481.802</u>	<u>5.166.884</u>
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>9.605.935</u>	<u>37.267.500</u>
Útgáfa úttektarskýrslu .....	8.208.543	0
Húsaleiga .....	270.000	1.620.000
Annar kostnaður .....	<u>810.023</u>	<u>4.821.938</u>
Rekstarkostnaður samtals .....	<u>9.288.566</u>	<u>6.441.938</u>
Kostnaður vegna úttektarnefndar samtals .....	<u>18.894.501</u>	<u>43.709.438</u>
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf .....	0,8	4,6



Skýringar, frh.:

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	2012
Stofnverð 1.1.2012 .....	<u>2.921.207</u>
Stofnverð 31.12.2012 .....	<u>2.921.207</u>
Afskrifað 1.1.2012 .....	2.036.540
Afskrifað á árinu .....	<u>500.577</u>
Afskrifað 31.12.2012 .....	<u>2.537.117</u>
Bókfært verð 31.12.2012 .....	<u>384.090</u>
Afskriftahlutföll .....	20-35%

6. Áhættufjármunir

Eignarhlutir félagsins í öðrum félögum greinast þannig:	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða ehf. ....	7,5%	672.208
Greiðslustofa lífeyrissjóða .....	1,0%	<u>10.000</u>
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals .....		<u>682.208</u>

7. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2012 .....	24.416.897	18.234.639	42.651.536
Tap ársins .....	<u>                    </u>	( 670.608)	( 670.608)
Eigið fé 31.12.2012 .....	<u>24.416.897</u>	<u>17.564.031</u>	<u>41.980.928</u>





